

28. gr.

Sektarákvæði í niðurlagi 46. gr. laganna breytist þannig, að í stað „200—16000“ komi: 500—40000.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1969.

30. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazzt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í áfengislög, nr. 58 24. apríl 1954, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um viðauka við lög nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram allt að 150 milljónir króna af fé ríkissjóðs sem hlutafé í Kísiliðjunni h.f. við Mývatn til viðbótar því framlagi, sem heimilað var með ákvæðum 1. fönlul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að taka lán í þessu skyni.

Ákvæði 5. mgr. 4. gr. nefndra laga gilda ekki um þau hlutabréf í Kísiliðjunni h.f., sem ríkissjóður kann að verða skráður fyrir við aukningu hlutafjár umfram upphaflegt stofnfé félagsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.